

Nd.

**691. Nefndarátt**

um frv. til laga um sjúkrasamlög (þingskjal 368).

Frumvarp þetta, sem borið var fram í efri deild og oss hefir af neðri deild verið falið til athugunar, er um svo nytsamlegt og þarft mál-efni, að vér viljum mæla með því að hin háttvirta neðri deild fallist á það. Vér verðum að visu að kannast við það, að mjög erfitt er að óreyndu að geta sagt með fullri vissu, hve einhlit eða nærhæfis ýms ákvæði frumvarpsins eru, svo sem um tillag landssjóðs til samlaganna, dagpeninga ákvæðin, og meðal annars það, hvort ekki gæli verið ástæða til að yngri menn en 18 ára ætti rétt til dagpeninga, og að fult svo rétt kynni að vera að aldurstakmarkið væri 16 ár. En þetta er þó álitamál eitt og verður reynslan að segja til, hvað hentast sé. Hefir oss því þótt réttast að ráða deildinni til að samþykkja frumvarpið óbreytt, enda hefir það fengið góðan undirbúning, fyrst af hendi landlæknis og síðan verið rækilega ihugað af nefnd í efri deildinni.

Neðri deild Alþingis, 19. apríl 1911.

Jón Magnússon,  
formaður.

Jón Þorkelsson,  
skritari og framsögum.

Jón Jónsson, S.-M.,

Þorleifur Jónsson,

Björn Kristjánsson.